



Borgarráð

**Viðauki við þjónustusamning við Fjölsmiðjuna**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að viðauka við þjónustusamning við Fjölsmiðjuna sbr. hjálagt bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 6. apríl 2022. Jafnframt er lagt til að borgarstjóra verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar samningsins.

Kostnaður Reykjavíkurborgar nemur 6.555 þ. kr á ári árin 2022, 2023 og 2024. Kostnaðurinn verður fjármagnaður af kostnaðarstaðnum 09205, ófyrirséð, fyrir árið 2022, en fer inn í fjárhagsáætlun fyrir árin 2023 og 2024.

Dagur B. Eggertsson  
*borgarstjóri*

Hjálagt:

Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 6. apríl 2022

Viðauki við þjónustusamning á grundvelli skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Fjölsmiðjan og samþykktum stjórnar hennar um fræðslu og verkþjálfun dags. 8. júní 2022. Drög.

Kynning á starfsemi Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2022, ódags.



Borgarráð Reykjavíkur  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 6. apríl 2022  
Málsnr. 1501007/PBG/HH

## Efni: Viðauki við þjónustusamning við Fjölsmiðjuna.

Vísað er til eftirfarandi bókunar 538. fundar stjórnar SSH 4.apríl sl.:

### ***Fjölsmiðjan – rekstur og fjárhagur - 1501007***

*Framhald umræðu 532. fundar um stöðu og viðfangsefni Fjölsmiðjunnar, en fyrirbyggjandi er beiðni Fjölsmiðjunnar um árlegt aukaframlag á árunum 2022 - 2024 en áætluð hlutdeild sveitarfélaganna er 11,5 milljónir kr. pr. ár. Eftirfarandi var m.a. bókað í fundargerð 532. fundar: "Hvað varðar frekari fjárhagslegan stuðning við starfsemi Fjölsmiðjunnar þá liggur fyrir eftirfarandi bókun 529. fundar: "Stjórn tekur vel í frekari fjárhagslegan stuðning við Fjölsmiðjuna en áður en ákvörðun verður tekin óskar stjórn eftir því að vera upplýst um ferli viðræðna við aðra aðila um frekari fjárframlög eftir því sem þeim vindur fram. Málið verður svo tekið fyrir á ný." Er ofangreind bókun ítrekuð en enn sem komið er liggja niðurstöður viðræðna við aðra aðila ekki fyrir. Jafnframt verði skoðaðir möguleikar á að styðja við starfsemina með sérstöku átaksverkefni í gegnum áhersluverkefni sóknaráætlunar." Þá er fyrirbyggjandi til kynningar fundargerð frá fundi stjórnar Fjölsmiðjunnar sem fór fram 20. janúar 2022. Ellen J. Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar og Sturlaugur Sturlaugsson forstöðumaður Fjölsmiðjunnar kynna helstu atriði er varða fjárhag, verkefnastöðu og notendur þeirrar þjónustu sem Fjölsmiðjan býður upp á.*

### ***Niðurstaða fundar:***

*Stjórn SSH samþykkir, fyrir sitt leyti, beiðni Fjölsmiðjunnar um viðbótarfjárframlag. Framkvæmdastjóra er falið að útbúa viðauka við gildandi samning um framlög til Fjölsmiðjunnar þess efnis að sveitarfélögin leggi samtals fram 11,5 milljónir króna aukalega á ári vegna áranna 2022, 2023 og 2024. Viðaukinn verði sendur til efnislegrar umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og fylgt eftir með frekari kynningu verði þess óskað.*

Þá er vísað til greinargerðar/kynningar Fjölsmiðjunnar sem kynnt var á stjórnarfundinum en þar kemur m.a. fram að taprekstur sé á starfseminni sem m.a. megi rekja til áhrifa vegna Covid 19 ásamt launa- og verðhækkana. Mikilvægt sé að leita eftir auknu fjármagni til rekstursins svo ekki þurfi að koma til skerðingar á þjónustu. Í því ljósi hefur m.a. Vinnumálastofnun aukið framlag sitt til Fjölsmiðjunnar um 20 milljónir kr. og er beiðni svara við beiðni um aukið fjármagn frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Farið er þess á leit við sveitarfélögin að þau leggi til rekstursins 11,5 milljónir kr. á ári fram til ársins 2024 til viðbótar því sem þegar er lagt fram af hendi þeirra skv. núgildandi samningi. Nánar er gerð grein fyrir framlögum til Fjölsmiðjunnar í áðurnefndri greinargerð. Skipting á viðbótarframlaginu myndi verða eftirfarandi:



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg	6.555 þ.kr.
Kópavogsbær	1.850 þ.kr.
Hafnarfjarðabær	1.495 þ.kr.
Garðabær	805 þ.kr.
Mosfellsbær	575 þ.kr.
Seltjarnarnesbær	230 þ.kr.
Samtals	11.5 m.kr.

Meðfylgjandi eru drög að viðauka við þjónustusamning sveitarfélaganna við Fjölsmiðjuna. Er farið fram á að drögin verði tekin til efnislegrar umræðu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar sammingsins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is) eins fljótt og kostur er.

Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Drög að viðauka við þjónustusamning dags. 8. júní 2020  
Kynning/greinargerð Fjölsmiðjunnar, 4. apríl 2022.

# VIÐAUKI

við þjónustusamning á grundvelli skipulagsskrár fyrir sjálfeignarstofnunina Fjölsmiðjan og samþykktum stjórnar hennar um fræðslu og verkþjálfun dags. 8. júní 2020

Hinn 8. júní 2020 gerðu framkvæmdastjórar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu f.h. sinna sveitarfélaga (verkkaupar) og Fjölsmiðjan kt. 660601-2790 (verksali) með sér framangreindan samning. Í framhaldi af beiðni Fjölsmiðjunnar um frekari fjárframlög sem tekin var fyrir á 538. fundi stjórnar SSH hinn 4. apríl 2022, var ákveðið að gera svohljóðandi viðauka við samninginn:

## 1. gr.

### Greiðslur frá verkkaupa

Við 5. gr. samningsins bætist svohljóðandi grein, 5.3:

Til viðbótar við árlegan þjónustustyrk samkvæmt gr. 5.2 greiða sveitarfélögin samtals 11.500.000 kr. (ellefumilljónirogfimmhundraðþúsund) árlega á árunum 2022, 2023, 2024. Skal fjárhæðin skiptast milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember næstliðins árs. Miðast fjárhæðin við verðlag 1. júní 2022 og tekur árlegum breytingum til samræmis við vísitölu neysluverðs. Þessi viðbótarstyrkur skal greiðast í janúar ár hvert vegna árána 2023 og 2024, en í júní vegna ársins 2022.

## 2. gr.

### Gildistími samningsins

Við gr. 11.1 bætist svohljóðandi málsgrein, sbr. 2. mgr. 11.1:

Aðilar þessa samnings hafa komið sér saman um framlengingu hans og gildir samningurinn til og með 31. desember 2024.

Kópavogi, X.XX 2022

---

f.h. Reykjavíkurborgar

---

f.h. Kópavogsbæjar

---

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

---

f.h. Mosfellsbæjar

---

f.h. Garðabæjar

---

f.h. Seltjarnarnesbæjar

# FJÖLSMIÐJAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ÁRIÐ 2022.

VERKÞJÁLFUNAR-, FRAMLEIÐSLU- OG FRÆÐSLUSETUR FYRIR UNGT FÓLK

21. ÁRS GAMALT ÚRRÆÐI.

ÁSGEIR JÓHANNESSEN FYRSTI FORMÆÐUR FJÖLSMIÐJUNNAR, FRUMKVÖÐULL.

---



# ÞJÓNUSTA VIÐ NEMA Í DAG. TENGING VIÐ 94 NEMA

---

- Reykjavík 57 nemar og af þeim eru 9 í námi ( eftirfylgni ) út í bæ
- Kópavogur 18 nemar og þar af er 1 í námi út í bæ og 4 í vinnu utan Fjölsmiðjunnar
- Hafnarfjörður 9 nemar og þar af eru 3 í námi út í bæ
- Garðabær 4 nemar og 1 í vinnu utan Fjölsmiðjunnar
- Önnur (mosó, seltjarna og fyrir austan) 6

# STAÐAN

---

- Beiðni um 50 m.kr. viðbótarframlag. VMST. komið með 20 m.kr./ ári í 3 ár.
- Stefnir í greiðsluþrot síðasta ársfjórðung ársins 2022. Vanfjármögnuð til lengri tíma nema skerða þjónustuna verulega.
- Sömu framlög frá 2018 - 2021 að undanskyldum viðbótar 10 m.kr. árið 2020.
- Erfitt að tækla launa- / kostnaðarverðshækkanir undanfarin ár og Covid árin.
- Um 13 m.kr. tap á síðasta ári en 5 m.kr. jákvæð niðurstaða árið 2020. Handverksdeildin lokuð hálf árið 2021.

# FJÁRMÖGNUN.

---

## FÖST FRAMLÖG SKIPTING SEM VERIÐ HEFUR

- VMST 50 %
- Menntam.r. 27 %
- Sveitarfélögin 23 %
- (Eigin framlegð Fj. 18 - 23 m.kr/ ári undanfarin ár.)

## VIÐB. FRAMLAG UM 50 M.KR / ÁRI ?

- VMST 20 m.kr / ári 3. ára samningur
- Menntam.r. 13.5 m.kr. ? Óljóst.
- Sveitarfélögin 11.5 m.kr. ?



# SKIPTING FRAMLAGA Í REKSTUR/ LEIGU ( 40% AF LEIGU SKV. SAMKOMULAGI ) Þ.KR.

---

- |                           |           |
|---------------------------|-----------|
| • Leiga + rekstur :       | • Samtals |
| • Rvík 9.470 + 6240       | • 15.710  |
| • Kópv. 2.724 + 1.784     | • 4.508   |
| • Hafnarfj. 2.108 + 1.382 | • 3.490   |
| • Garðab. 1.256 + 823     | • 2.079   |
| • Mosfellsb. 892 + 586    | • 1.478   |
| • Seltj.n. 336 + 219      | • 555     |

# SKIPTING FRAMLAGA EFTIR SVEITARFÉLÖGUM.

---

- Reykjavík 57 %
- Kópavogur 16 %
- Hafnarfjörður 13 %
- Garðabær 7 %
- Mosfellsbær 5 %
- Seltjarnarnes 2 %
- Reykjavík 6555 þ.kr.
- Kópavogur 1850 þ.kr.
- Hafnarfjörður 1495 þ.kr.
- Garðabær 805 þ.kr.
- Mosfellsbær 575 þ.kr.
- Seltjarnarnes 230 þ.kr.
- Samtals 11.5 m.kr.

# HVERJIR ERU AÐ NÝTA ÚRRÆÐI FJÖLSMIÐJUNNAR

---

- Velferðarsviðin á höfuðborgarsvæðinu, kjarnin af hópnum f. 2000- 2004.) 90 % af orkunni fer í hópinn frá velferðarsviðunum.
- Af erlendum uppruna líka - flóttamenn, margir hverjir einir á Ísl.
- Vmst einstaklingar 4-8 vikur í senn
- Vmst einstaklingar af erlendum uppruna
- Vmst, atvinna með stuðningi ( AMS )
- **Einn viðkvæmasti hópur samfélagsins.**

# DÆMI UM EINKENNI HÓPSINS. HVER ER ÞÖRFIN ?

---

- 8 af 10 einstaklingum sem sækja Fjölsmiðjuna með einhverskonar greiningu. Kannski öfugt hlutfall miðað við hefðbundinn skóla 2 /10.
- Mikilvægt að eiga gott samstarf við ráðgjafa frá sveitarfélögunum og VMST. Sérstaklega með eftirfylgni og stuðning ( ráðgjöf, sálfr.þjónustu ) við einstaklinginn utan Fjölsmiðjunnar í huga.

# DÆMI UM EINKENNI HÓPSINS.

---

- ▶ Stundum saga um neyslu
  - ▶ Saga um einelti (oft langvarandi)
  - ▶ Ljuf og einlæg
  - ▶ Mörg hver mjög listhneigð
  - ▶ Mjög góð ensku kunnátta
  - ▶ Tölvu- og tækni, mikill áhugi
  - ▶ Sértek þekking
- Ákveðin seigla miðað við lífsreynslu þeirra.

# DÆMI UM EINKENNI HÓPSINS.

---

- ▶ ADHD
- ▶ Dyslexía
- ▶ Þunglyndi
- ▶ Kvíði
- ▶ Depurð
- ▶ Einhverfuróf (Asperger, ódæmigerð, dæmigerð)
- ▶ Geðraskanir
- ▶ Vinaleysi eða fáir vinir
- ▶ Oft brotið bakland
- ▶ Tungumálaerfiðleikar, íslenska...
- ▶ Án fjölskyldu
- ▶ Brotin sjálfmynd
- ▶ Skólaforðun
- ▶ Trú á eigin getu – oft lítil
- ▶ Vanvirkni
- ▶ Framtíðarsýn – óskýr